

Borgarráð
31. júlí 2018

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að Reykjavíkurborg komi á fót neyðarhúsnæðisúrræðum fyrir heimilislausra og/eða utangarðs einstaklinga

Lagt er til að Reykjavíkurborg taki til leigu eða festi kaup á íbúðarhæfum rýmum tafarlaust fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem eru án heimilis. Slíkt neyðarhúsnæði skal hugsað sem tímabundið meðan unnið er að varanlegri lausn á málefnum einstaklinga sem þar dvelja.

Greinargerð:

Gríðarleg húsnæðiskreppa ríkir í Reykjavík, biðin eftir félagslegu húsnæði er löng og margir ráða ekki við leiguverð á almennum markaði. Fjöldi heimilislausra og/eða utangarðsfólks hefur aukist um 95% á síðustu fimm árum og full ástæða þykir til að áætla að fjöldinn sé í raun meiri. Viðkvæmir hópar verða sérstaklega fyrir barðinu á húsnæðiskreppunni. Þar má nefna einstaklinga með tvígreiningu, þ.e.a.s. fíknivanda og geðgreiningu, einstæðinga, einstaklinga og fjölskyldur sem verða fyrir áföllum, einstæða foreldra, eldra fólk, fólk af erlendum uppruna með lítið sem ekkert tengslanet hérlandis, ungt fólk sem neyðist til að búa í foreldrahúsum vegna neyðarástands á húsnæðismarkaði og aðra jaðarsetta hópa. Ljóst er að fjölga þarf neyðarhúsnæðisúrræðum svo einstaklingar og fjölskyldur búi ekki við húsnæðisleysi. Þeir sem falla undir þá skilgreiningu er fjölbreyttur hópur með ólíkar þarfir. Frekari stefnumótunar í málefnum heimilislausra og/eða þeirra sem skilgreinast sem utangarðs er þörf, en hefjast má strax handa við að leysa bráðvanda ýmissa hópa í húsnæðisvanda. Þar má nefna þá sem einungis þurfa á húsnæði á að halda en ekki annarri þjónustu vegna fíknivanda eða geðgreiningar. Þar má t.d. nefna einstaklinga og einstæða foreldra. Borgin gæti keypt nokkuð hundruð íbúðir fyrir þessa einstaklinga og fjölskyldur og úthlutað þeim tímabundið m.a. til þeirra sem eru á biðlista Félagsbústaða eða eru algjörlega upp á aðra komin. Þörf er á neyðarhúsnæði í nálægð við almenna þjónustu, fyrir fjölskyldur og einstaklinga í húsnæðisvanda og neyðarástandið kallar á bráðaaðgerðir, þannig getur Reykjavíkurborg strax hafist handa við að minnka húsnæðiskreppuna.